

Fundur í foreldraráði

Þriðjudaginn 22. nóvember 2022 kl. 8:05

Mættir: Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, Hafdís Lára Halldórsdóttir, Inga Berta Bergsdóttir og Steinunn Baldursdóttir, leikskólastjóri.

Dagskrá

1. Starfsáætlun Klettaborgar skólaárið 2022-2023

Steinunn kynnti starfsáætlun skólaársins. Engar sérstakar athugasemdir frá foreldraráði.

2. Starfsumhverfi leikskóla í Borgarbyggð

Rætt um starfsumhverfi leikskólanna í Borgarbyggð. Mikill flótti leikskólakennara upp í grunnskóla eftir að leyfisbréfi var breytt, vegna mun betri starfsumhverfis þar, m.a. betri frí.

Rætt um hvað hægt væri að gera og hvað hefur verið gert í öðrum sveitarfélögum. Rætt um hugmyndina að bjóða fólki að fella niður leikskólagjöld milli jóla og nýárs, þá veit starfsfólk hversu mörg börn verða og hægt að skipuleggja starf á deildum og auka frídaga fyrir starfsfólk. Þetta er í skoðun hjá Borgarbyggð.

3. Önnur mál

Rætt um breytingar í starfsmannahaldi.